

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna við tillögu áheyrnarfulltrúa kennara í grunnskólum

Skóla- og frístundaráð fagnar þeim mikilvæga áfanga sem náðst hefur fyrir skólastarf á komandi skólavetri að samþykktur hefur verið með 74% atkvæða kjarasamningur grunnskólakennara við sveitarfélögin. Vel heppnuð og jákvæð innleiðing kjarasamningsins er lykilatriði fyrir jákvæða þróun skólastarfs í Reykjavík.

Skóla- og frístundaráð leggur til að settur verði á fót sameiginlegur samráðsvettvangur fulltrúa stjórnar Kennarafélags Reykjavíkiur, stjórnar Skólastjórafélags Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs um farsæla innleiðingu nýs kjarasamnings m.a. með hliðsjón af nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar og vinnu við bætt vinnuumhverfi grunnskólakennara.

Skóla- og frístundaráð beinir því til fyrirhugaðs samráðsvettvangs að sérstaklega verði gætt að eftirfarandi þáttum við innleiðingu kjarasamnings skólaárið 2018-2019 í Reykjavík.

1. Mikilvægt er að minnka álag í skipulagi skólastarfsins og auka sveigjanleika.
2. Eins og skýrt er kveðið á um í kjarasamningi þá skal greiða aukalega fyrir þau verk sem ekki rúmast innan vinnuramma eða verksviðs kennara. Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla hefur forgang í starfi kennara. Því verða önnur sértæk viðbótarverkefni sem ekki rúmast innan kjarasamnings að greiðast aukalega.
3. Vinna við nýtt námsmat hefur reynst mikil. Mikilvægt er að greina og draga lærdóm af vinnu við innleiðingu nýs námsmat til að tryggja að nýtt námsmat verði raunverulega námi og kennslu til framdráttar.
4. Auka lýðræðisþátttöku kennara í ákvörðunum skóla um skólastarf, skólaþróun og endurmenntun í anda nýrrar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
5. Hver skóli kappkosti að bæta allt starfsumhverfi kennara og hafi aukna vellíðan kennara í starfi að leiðarljósi.